

Mánudaginn 21. nóvember 1988.

Nr. 364/1988. **Ákærvaldið**

gegn

X

Kærumál. Hafnað kröfu um ógildingu áminningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. nóvember sl., sem barst Hæstarétti 8. s.m. Hann krefst þess að hin kærða áminning verði felld úr gildi.

Samkvæmt endurríti úr sakadómsbók Suður-Múlasýslu hefur varnaraðila á dómþingi 11. nóvember sl. verið kynnt framangreind krafa ríkissaksóknara. Varnaraðili lýsti því yfir að hann hygðist ekki leggja fram greinargerð.

Samkvæmt gögnum málsins fór kærði ásamt Y í heimildarleysi inn í hús Sildarbræðslu ríksins á Reyðarfirði 1. apríl sl. í þeim tilgangi að aka léttu bifhjóli sem þar var geymt. Þeir félagar óku síðan hjólinu til skiptis þar innanhúss. Voru þeir kærðir til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu. Að rannsókn lokinni voru gögn málsins send embætti ríkissaksóknara. Með bréfi 15. ágúst sl. samþykkti ríkissaksóknari, að máli kærða og félaga hans yrði lokið með dómsáttum, enda féllust þeir á að greiða hæfilega sekt auk sakarkostnaðar. Voru brot þeirra talin varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 55. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Í sakadómi Suður-Múlasýslu var máli kærða lokið með áminningu 1. september sl. og atferli hans fært undir 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 4. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga. Í ljós kom að hann hafði ökuréttindi svo brot hans var ekki talið varða við 3. mgr. 55. gr. umferðarlaga. Að þessu loknu voru málsgögnin send sakadómi Reykjavíkur, því Y var talinn búsettur í Reykjavík. Sakadómur Reykjavíkur sendi málsgögnin til ríkissaksóknara 31. október sl. og óskaði umsagnar um hvernig máli Y skyldi lokið.

Af hálfu embættis ríkissaksóknara þykja málalok þáttar kærða X vera fjarstæð.

X er fæddur ... 1972. Hann var því 15 ára þegar þetta gerðist. Hann hefur samkvæmt sakavottorði ekki hlotið refsingu fyrr svo vitað sé. Ósannað er að skemmdir, sem orð eru á gerandi, hafi hlotist af akstri hans og féлага hans. Að þessu athuguðu þykir, eins og hér stendur á, ekki efni til að ógilda veitta áminningu.

D ó m s o r ð:

Kröfu ríkissaksóknara um ógildingu framangreindrar áminningar er hafnað.

Endurrit úr sakadómsbók Suður-Múlasýslu 1. september 1986.

Ár 1988, fimmtudaginn 1. sept. var dómþing sakadóms Suður-Múlasýslu /Eskifjarðar háð í skrifstofu dómsins af Birnu Björnsdóttur fulltrúa.

Fyrir var tekið: Mál 183/88. Kæra fyrir hegningarlagaþrot og umferðarlagabrot.

Dómarinn leggur fram dskj. nr. 1, bréf ríkissaksóknara ds. 15.08. '88, nr. 2 skjalaskrá lögr. með 6 merktum skjölum, nr. 3 sakavottorð, nr. 4 ljósrit ökuskirteinis.

Fyrir dómi er mættur kærði: Nafn: X.

Stétt eða atvinna: verkamaður.

Heimili: ... Reyðarfirði.

Kennitala: ... Nafnnúmer: ...

Fæðingarstaður: Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar, að efni kærunnar (kæranna) sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt. Dómarinn veitir kærða nú áminningu.

Hann samþykkir að greiða kr. ... í sekt til til að komast hjá mál sókn út af brotinu, sem varðar við ... vegna brots á 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 4. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Sektin greiðist fyrir ... en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi/fangelsi í ... daga.

Málskostnaður kr. 300,00 greiðist fyrir 1. október nk.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. 1. nr. 19, 1940.

Málinu er lokið þannig.